

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun
sýningar á verkum Borghildar Óskarsdóttur í Listasafni Reykjavíkur
laugardaginn 16. mars 2024 kl. 15**

Kæra Borghildur, góðan dag öll sömul. Gaman að vera með ykkur á þessum fallega degi.

Það er mér heiður og ánægja að fá tækifæri til að segja fáein orð hér í tilefni opunar yfirlitssýningar á verkum listakonnunar Borghildar Óskarsdóttur sem ber yfirskriftina „Aðgát“.

Sýningin á sér nokkurn aðdraganda – og þá er ég ekki að tala um listferil Borghildar sem sannarlega er bæði langur og merkilegur – heldur á ég við hvernig sýningarverkefnið er til komið. Fyrir nokkrum árum kviknaði sú hugmynd hjá Listasafni Reykjavíkur að sækja um öndvegisstyrk hjá Safnaráði, en skilyrði fyrir því var að safnið tæki höndum saman við akademískan stuðningsaðila. Ólöf K.

Sigurðardóttir, safnstjóri, kom þá að máli við Æsu Sigurjónsdóttur, dósent í listfræði við Háskóla Íslands, og nýbakaðan doktor – til hamingju!, Æsa! - og tóku hún og Guðmundur Hálfánarson, prófessor, sem þá var forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, þeirri umleitan vel að námsbraut í listfræði við skólann tæki þátt í umsókninni. Í fæstum orðum sagt hlaut þetta samstarf öndvegisstyrkinn árið 2021 og til varð samstarfsverkefnið *Hluttur kvenna í íslenskri myndlistarsögu* sem átti eftir að skiptast í þrjá áfanga. Fyrsta árið var Sigrún Hrólfsdóttir valin til að vinna

rannsóknarverkefni sem bar heitið *Rauður þráður* og fjallaði um list Hildar Hákonardóttur. Sú sýning var opnuð í fyrra. Það er ánægjulegt að segja frá því að Listasafn Reykjavíkur fékk í vikunni viðurkenningu myndlistarráðs, sem er hluti af myndlistarverðlaunum Íslands, fyrir þá sýningu í flokkunum áhugaverðasta endurlitið. Ég óska Listasafninu innilega til hamingju!

Næsti kafli þessa samstarfsverkefnis var á höndum Aðalheiðar L. Guðmundsdóttur og fjallar hann einmitt um list Borghildar Óskarsdóttur og er sýningin sem hér er nú opnuð afrakstur þeirrar vinnu. Þriðji og síðasti áfangi þessa öndvegisverkefnis verður svo rannsókn Becky Forsythe á myndlistarkonum á 8. og 9. áratug 20. aldar og mun því einnig ljúka með sýningu og útgáfu á næsta ári.

Verkefni Aðalheiðar um list Borghildar er frábært dæmi um farsælt samstarf stofnana á sviði lista og akademíu. Hér er áhersla lögð á að efla fræðilega virkni listasafna og um leið að miðla nýrri þekkingu til almennings. Samstarf sem þetta hefur ekki síður jákvæð áhrif á akademíuna, enda hefur Háskóli Íslands alla tíð ekki aðeins verið kennslu- og rannsóknastofnun heldur hefur hann ekki síður gegnt mikilvægu menningarlegu hlutverki. Við skólann er m.a. kennd listfræði og sýningargerð, auk þess sem Háskóli Íslands á veglegt listasafn, Listasafn Háskóla Íslands, sem gegnir mikilvægu hlutverki við söfnun íslenskrar samtímalistar og sinnir margþættri listmiðlun innan og utan háskólasamfélagsins. Á þennan hátt stuðlar Listasafn Háskóla Íslands markvisst að því að gera skólann að virkum þátttakanda í

íslenskum listheimi, því safnið sinnir jafnframt skipulegu samstarfi við önnur söfn og stofnanir utan skólans, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Þannig er lagður grunnur að samstarfsneti sem skapar ýmis tækifæri til rannsókna og styrkja.

Samstarf Listasafns Reykjavíkur og Háskóla Íslands er afar gott dæmi um vel heppnað samtal á milli rannsókna, lista og listasögu í íslensku jafnt sem alþjóðlegu fræðasamhengi. Hér opnar nú sýning á listferli Borghildar Óskarsdóttur sem spannar nálega sex áratugi og varpar sýningin ljósi á frjóa og margþætta listsköpun hennar sem iðulega hverfist um tengsl manns og náttúru og þau spor sem maðurinn markar í náttúruna og lífríkið allt.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra heldur segi sýninguna „Aðgát. Verk Borghildar Óskarsdóttur“ setta. Til hamingju með daginn Borghildur. Megi samstarf íslenskra listasafna og Háskóla Íslands halda áfram að blómstra.

Takk fyrir.